

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd - 22.04.2013

27. fundur

22. apríl 2013. kl 14:00-15:00

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð

Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir form.

Karl Emil Sveinsson

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Karl E. Sveinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

1. Deiliskipulag Reykjahlíðar. Deiliskipulagslýsing

S20120901

Tekið fyrir að nýju endurskoðuð deiliskipulagslýsing vegna deiliskipulags Reykjahlíðar. Innkomin ný gögn dags apríl 2013 frá AVH, Önnu Margréti Hauksdóttur, arkitekt.

Pétur Snæbjörnsson vék af fundi og tóki ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur áherslu á að það komi skýrt fram í skipulagslýsingu að skipulagsráðgjafar sem annars vegar vinna deiliskipulagi Reykjahlíðar og hins vegar deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar hafi með sér samstarf þannig að skipulagssvæðin myndi samræmda heild á mörkum skipulagssvæðanna. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að endurskoðuð deiliskipulagslýsingin verði samþykkt að öðru leyti og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaaðilum og kynna fyrir almenningi skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Skútustaðir II. Deiliskipulag.

S20121201

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Skútustaða II. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 40. gr. skiplagslaga nr. 123/2010 frá og með 18 janúar til og með 1. Mars 2013. Athugasemdir bárust frá Umhverfisstofnun þar sem farið var fram á að byggingarreitir C og D. yrðu færðir fjær gervigígunum til norðurs og væntanlegar byggingar yrðu staðsettar næst norðurmörkum reitsins. Landeigandi féllst á að koma til móts við þessar athugasemdir og hafa byggingarreitir á umræddum reitum verið þrengdir til norðurs, byggingarreitur C um 4 m og vesturhluti byggingarreits D um sömu fjarlægð. Innkominn nýr og breyttur deiliskipulagsuppdráttur dags 16. apríl 2013 frá Mannviti, verkfræðistofu á Húsavík þar sem brugðist hefur verið við fyrrgreindum athugasemdum Umhverfisstofnunar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan með áorðnum breytingum vegna athugasemda Umhverfisstofnunar verði samþykktur og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast málsmeðferð eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

3. Dettifoss, deiliskipulag áningar- og þjónustusvæðis Kynningargögn vegna veituframkvæmda

S20130306

Lögð fram kynningargögn dags. 17. apríl 2013 frá Einari Sæmundsen f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem gerð er grein fyrir fyrirhuguðum veituframkvæmdum sem áætlaðar eru við þjónustusvæðið við Dettifoss. Tekið er fram að endanlegar lagnaleiðir milli myllu /borholu verði lagðar í landið þannig að ekki komi til mikils jarðrasks.

Lagt fram til kynningar og gefur ekki tilefni til ályktunar á þessu stigi.

Fundi slitið